

Gátlisti fyrir deildarstjóra stoðþjónustu vegna barna með heyrnarskerðingu

- Starfsfólk skólans veit af heyrnarskerðingunni og hvaða áhrif hún hefur á hegðun og líðan barnsins.
- Starfsfólk skólans hefur fengið fræðslu um heyrnarskerðingu frá HTÍ eða Hlíðaskóla.
- Barnið kann á tækin sín og fylgir eftir rafhlöðuskiptum.
- Barnið lætur vita ef tæknimál eru í ólagi.
- Barnið gætir að tækjunum og fylgihlutum.
- Ákveðinn starfsmaður sér um tækjamál barnsins.
- Barnið fær stuðningstíma þar sem farið er yfir orðaforða.
- Sjónrænar upplýsingar um dagskrá (stundaskrá) og breytingar á dagskrá.
- Kennarar eru meðvitaðir um leiðir til þess að koma á mótis við heyrnarskerðinguna.
- Gætt hefur verið að hljóðvist í skólanum, kennslustofum, íþróttaaðstöðu, matsal og göngum og hugað sérstaklega að aðstæðum barnsins þar.
- Raddverndandi búnaður er í lagi og kennarar meðvitaðir um notkun hans.